



## **Ísaksskóli – heildarmat á skólastarfi**

Janúar 2013  
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

**Ritstjórar:** Björk Ólafsdóttir og Birna Sigurjónsdóttir

**Ritun skýrslu og fylgiskjala:**

Birna Sigurjónsdóttir

Björk Ólafsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Nanna K. Christiansen

Steinunn Ármannsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<i>Mat á skólastarfi</i> .....	4
<b>Svið I Stjórnun og mannauður</b> .....	<b>7</b>
<i>Fagleg forysta</i> .....	7
Stjórnandinn sem leiðtogi	7
Stjórnun stofnunar	8
Faglegt samstarf	9
Viðhorf starfsmanna	10
Skólaþróun	11
<i>Stefnumótun og skipulag</i> .....	12
Starfsáætlun og skólanámskrá	12
Skóladagur nemenda	13
Verklagsreglur og áætlanir	13
<i>Samskipti heimila og skóla</i> .....	14
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	14
Skólaráð og foreldrafélag	16
<b>Svið II Nám og kennsla</b> .....	<b>18</b>
<i>Nám og námsaðstæður</i> .....	18
Inntak og árangur	18
Skipulag náms og námsumhverfi	19
Kennsluhættir og gæði kennslu	19
Námshættir og námsvitund	21
<i>Þátttaka og ábyrgð nemenda</i> .....	21
Lýðræðisleg vinnubrögð	21
Ábyrgð og þátttaka	22
Viðhorf nemenda	22
<i>Námsaðlögun</i> .....	23
Nám við hæfi allra nemenda	23
Stuðningur við nám	23
<b>Svið III Innra mat grunnskóla</b> .....	<b>25</b>
<i>Framkvæmd innra mats</i> .....	25
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	25
Innra mat er markmiðsbundið	25
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	25
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	26
<i>Umbótastarf í kjölfar innra mats</i> .....	26
Innra mat er opinbert	26
Innra mat er umbótamiðað	27
<b>Greining</b> .....	<b>28</b>
<i>Samantekt</i> .....	28
<b>Heimildir</b> .....	<b>32</b>
<b>Fylgiskjöl</b> .....	<b>32</b>

## Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Skóla Ísaks Jónssonar sem fram fór í nóvember 2012. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Skóli Ísaks Jónssonar yrði einn af þeim skólum sem færi í heildarmat á skólastarfi skólaárið 2012-2013. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið í Skóla Ísaks Jónssonar voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*<sup>1</sup>.

Skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar er Sigríður Anna Guðjónsdóttir. Í skólanum eru 217 nemendur í 5, 6, 7, 8 og 9 ára bekk skólaárið 2012-2013. Nemendur koma víða að á höfuðborgarsvæðinu en flestir eru úr Reykjavík eða 77%.

Í skólanum starfa 41 starfsmenn skólaárið 2012-2013 í 34,63 stöðugildum, þar af kennarar í 22,3 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,32 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra en í borginni í heild að meðaltali (6,5)<sup>[1]</sup>. Ef aðeins er miðað við kennara í Ísaksskóla eru um 9,82 nemandi á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísi að meðaltali (9.1)<sup>[2]</sup>.

**Skóli Ísaks Jónssonar** er sjálfseignarstofnun sem hefur sinnt menntun yngstu nemenda grunnskólans í 85 ár, allt frá stofnun hans 1926. Skólinn hefur sérhæft sig í kennslu yngstu grunnskólabarnanna. Hann er til húsa að Bólstaðarhlíð 20, 105 Reykjavík.

### Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna:

Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr.:

---

<sup>1</sup> Unnin sameiginlega og samþykkt af skólamálanefndum Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr.:

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs.

Menntaráð Reykjavíkurborgar ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 32 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2012.

### Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs.

### Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- |   |             |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla                               | vika 1      |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1      |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð       | vika 1      |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki          | vika 2      |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar                                   | vika 3      |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð  | vika 4-5    |
| • Skólastjóra gefst færi á að lesa yfir skýrslu                   | vika 5      |
| • Skýrsluskil – formleg   | vika 6      |
| • Upplýsingar til Skóla- og frístundaráðs                         | í lok annar |

### Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
  - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
  - Athugun í skóla
  - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
  - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
    - Skipurit og starfslýsingar
    - Mannréttindaáætlun

- Áætlun um foreldrasamstarf
- Áætlun um starf nemendafélags
- Sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun
- Heimasíðu skólans
- Stundaskrár bekkja/árganga 2012-2013 (eins og þær eru afhentar nemendum)
- Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
- Kennsluáætlanir 2012-2013 (sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi)
- Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
- Símenntunaráætlun skólans
- Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
- Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
- Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

### **Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd**

- Gerð er ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Stjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna. Fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

### **Frekari eftirfylgni:**

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

# Svið I Stjórnun og mannauður

## Fagleg forysta

### Stjórnandinn sem leiðtogi

Menntun og velferð barna er í öndvegi í Skóla Ísaks Jónssonar og starfsfólk hefur mikinn metnað til að hver nemandi nái sem bestum árangri. Mikil áhersla er lögð á kennslu í lestri og stærðfræði. Kennsluáðferðir í lestri byggja á hljóðaaðferð sem stofnandi skólans, Ísak Jónsson, þróaði á sínum tíma og fast er haldið í gamlar hefðir hvað varðar umgengni og framkomu.

Skólastjóri leiðir faglegt starf í skólanum og ber ábyrgð á rekstri skólans. Skrifstofustjóri aðstoðar skólastjóra við daglegan rekstur skólans en ekki er starfandi aðstoðarskólastjóri. Þriggja manna skólanefnd gegnir hlutverki stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar og fjallar hún fyrst og fremst um mál sem snúa að rekstrinum en hefur ekki áhrif á faglegt starf í skólanum. Í rýnihópum kennara, starfsfólks og foreldra kom fram ánægja með skólann og stjórnun hans. Í foreldrakönnun sem gerð var af skóla- og frístundasviði vorið 2012 sögðust 90% þeirra sem tóku þátt í könnuninni vera ánægðir með stjórnun skólans. Það er talsvert herra hlutfall en meðaltalið í almennum grunnskólum borgarinnar.

Skólastjóri leggur rækt við samskipti við aðila skólasamfélagsins, nemendur, kennara, annað starfsfólk og foreldra. Foreldrar í rýnihópi töluðu um gott viðmót og mjög góð samskipti við skólastjóra og annað starfsfólk skólans, auðvelt er að ná sambandi við skólastjóra, öllum erindum er vel tekið og þau afgreidd fljótt og vel. Í rýnihópum kennara og starfsmanna kom fram jákvætt viðhorf til skólastjóra en einnig var nefnt að skólastjóri mætti vera sýnilegri og koma oftar inn í kennslustofurnar því nemendur þekktu ekki allir skólastjórann. Þátttakendur í rýnihópi fimm ára nemenda voru ekki vissir um hvað skólastjórinn hétu og héldu flestir að skrifstofustjórinn væri skólastjórinn. Sjálfur sagðist skólastjórinn vera mikið á ferðinni í skólanum „svona strunsandi“ og að foreldrar kæmu mikið inn í skólann og til sín.

Gerð er grein fyrir markmiðum, sérstöðu og stefnu skólans í skólanámskrá 2012-2013 sem birt er á heimasíðu skólans. Foreldrar í rýnihópi þekkja stefnu skólans ekki vel, en töluðu um að áherslur skólans á kurteisi og góða framkomu nemenda væru mjög sýnilegar og þeir þekktu vel þær reglur sem gilda í skólanum. Kennarar í rýnihópi sögðust hafa tekið þátt í að fara yfir stefnu skólans og farið væri yfir markmið skólans á starfsmannafundum. Þátttakendur voru sammála um að allir kennarar skólans þekktu stefnuna og væru að vinna eftir henni.

Einkunnarorð skólans „Starf – Háttvísi – Þroski – Hamingja“ eru í merki skólans og á heimasíðu en þau voru valin af stofnandanum, Ísaki Jónssyni. Markvisst er unnið með þessi gildi í skólanum og hver árgangur vinnur með eitt orð á vorin. Nemendur þekkja skólareglurnar vel og þær eru sýnilegar á veggjum skólans. Farið er yfir reglurnar með nemendum að hausti og oftar ef þurfa þykir og þeim er fylgt eftir allt skólaárið.

Foreldrar í rýnihópi lýstu mikilli ánægju með upplýsingagjöf í skólanum. Skólastjóri og kennarar senda reglulega út bréf til foreldra og ef eitthvað kemur upp varðandi einstaka nemendur eru foreldrar strax látnir vita. Heimasíða skólans er reglulega uppfærð auk þess sem skólinn er virkur á facebook. Foreldrar í rýnihópi virtust vel upplýstir um árangur skólans í samræmdum prófum. Á heimasíðu skólans eru áherslur í kennslu og sérstaða skólans kynntar. Einnig hefur verið útbúinn kynningarbæklingur fyrir foreldra fimm ára barna.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að hann veitti ekki kennurum beina endurgjöf á kennsluna enda gæfist ekki mikill tími til að fara inn í kennslustundir til að fylgjast með. En ef eitthvað kemur upp á fundar skólastjóri strax með kennara og reynt er að leysa öll mál fljótt og vel. Í rýnihópi kennara kom líka fram að strax væri gengið í hlutina ef kennarar væru ósáttir með eitthvað og starfsmenn í rýnihópu sögðust finna fyrir miklum stuðning frá skólastjóranum, þó hann væri ekki „ofan í hálsmálinu“ á starfsfólkinu.

### Stjórnun stofnunar

Skipurit Ísaksskóla liggur fyrir og er aðgengilegt í starfsáætlun skólans á heimasíðu. Skólastjóri er eini stjórnandi skólans og heyrir allt starfsfólk beint undir hans stjórn. Skrifstofustjóri og verkefnastjóri eru staðgenglar skólastjóra. Þriggja manna skólanefnd fer með æðsta vald í starfsemi skólans og starfar skólastjóri í umboði nefndarinnar og ber ábyrgð á faglegu starfi, daglegri stjórn og rekstri.

Starfslýsingar stjórnanda og allra starfsmanna er að finna í starfsáætlun skólans auk lista yfir allt starfsfólk skólans og starfssvið hvers og eins. Að sögn kennara í rýnihópi vinna kennarar í samræmi við menntun sína og bakgrunn en ekki liggur fyrir formleg skráning á menntun og sérhæfingu kennara. Við ráðningar er þess gætt að kennarar uppfylli lögbundnar kröfur um menntun og hafi til að bera þá þekkingu eða reynslu sem krafist er í starfinu. Allir kennarar skólans eru með leyfisbréf sem grunnskólakennarar, nema einn sem er með undanþágu frá undanþágunefnd grunnskóla og ráðinn í afleysingu í eitt ár.

Í rýnihópi starfsfólks kom fram að skólastjóri mætti vera duglegri við að hrósa fólki beint fyrir vel unnin störf en þó fengi fólk gjarnan hrós í leiðinni ef það færi til skólastjórans til að ræða einhver mál.

Formleg starfspróunarviðtöl við kennara/starfsfólk eru einu sinni á ári. Skólastjóri er með fasta viðtalstíma tvisvar í viku en kennarar og starfsfólk geta alltaf komið og rætt sín mál þess utan. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að auðvelt væri að leita til skólastjóra og kennarar sögðu að auðvelt væri að hafa áhrif. Starfsfólk sagðist upplifa mikinn stuðning frá skólastjóra.

Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er að finna í starfsáætlun skólans á heimasíðu. Þar er skilgreint hver ber ábyrgð á hverju þegar nýr starfsmaður hefur störf í skólanum og hvaða stuðning nýliðinn á að fá í starfi á fyrstu mánuðunum. Samkvæmt áætluninni á m.a. að upplýsa nýja starfsmenn um réttindi þeirra og skyldur og þá stoðþjónustu sem er í boði fyrir skólann. Skólastjóri hefur einnig útbúið vegvísi fyrir starfsfólk skólans sem allir fá, þar er



m.a. farið yfir hlutverk skólans, leiðarljós, gildi, skyldur starfsfólks, stefnu skólans, daglegt skipulag og hefðir.

Ekki liggur fyrir formleg jafnréttisáætlun um jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum en verið er að vinna að mannréttinda- og jafnréttisáætlun.

Teymi um vellíðan á vinnustað er starfandi í skólanum. Hlutverk þess er m.a. að vera til staðar fyrir starfsfólk sem upplifir vanlíðan á vinnustað og leita leiða til að leysa þau vandamál sem upp koma á vinnustaðnum. Teymið kannaði m.a. líðan starfsfólks í viðhorfskönnun á síðasta ári og vann svo áfram með niðurstöðurnar. Ef einelti eða áreiti koma upp í starfsmannahópnum á að leita til teymisins sem setur málið í feril og vinnur að lausn málsins. Teymið og hlutverk þess er kynnt í vegvísi sem allir starfsmenn fá afhentan frá skólastjóra.

Við ráðningu starfsmanna skólans er aflað upplýsinga úr sakaskrá en starfsmenn hafa ekki verið látnir undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi.<sup>2</sup>

### Faglegt samstarf

Í Skóla Ísaks Jónssonar er mikil áhersla lögð á góð samskipti, háttvísi og fallega framkomu. Nemendur í rýnihópum sögðu að það væri skemmtilegt að vera í skólanum og eru ánægðir, einkum yngstu nemendurnir.

Fram kemur í stefnu skólans og vegvísi fyrir starfsfólk að skólinn eigi að búa nemendur undir ábyrga þátttöku í lýðræðislegu samfélagi en ekki kemur fram nánari útfærsla á því hvernig lýðræðisleg vinnubrögð eru fléttuð inn í skólastarfið. Nemendurnir virðast fá litlu að ráða um nám sitt: „Krakkar fá ekki að ráða öllu, því þá mundu þau vilja til dæmis vera alltaf í heimilisfræði því það er skemmtilegt.“ Ágæt sátt virðist ríkja um skólareglurnar og krakkarnir í rýnihópunum þekktu þær allir vel. Þau könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í að setja reglurnar, þær hefðu verið „bara alltaf í skólanum.“ Nemendur setja sér ekki markmið og að mati kennara í rýnihópi eru þau of ung til þess: „Krakkar þurfa bara ramma frá kennurum þegar þau eru svona lítil.“ Nemendur geta komið hugmyndum sínum á framfæri í þar til gerðan hugmyndakassa og í rýnihópunum kom fram að þeim finnst þau geta haft áhrif í skólanum með því að nota hann.

Þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsfólks voru sammála um að í skólanum væri náið og kærleiksríkt samfélag þar sem passað væri upp á alla einstaklinga og ekki látið viðgangast að neinum líði illa. Í því samhengi er smæð skólans kostur. Mikið og náið samstarf er á milli kennara og stuðningsfulltrúa í skólanum og starfsmannahópurinn vinnur saman sem ein heild.

Starfsdagar eru 13 á ári. Starfsmannafundir fyrir allan starfsmannahópinn eru haldnir í upphafi hvers starfsdags. Dagskrá er send út fyrir fundina og fundargerðir ritaðar. Á fundunum er fjallað um málefni sem upp hafa komið, erindi sem hafa borist, ábendingar frá foreldrum og mál einstakra nemenda. Kennarafundir eru einu sinni í mánuði. Dagskrá fundanna er send út fyrirfram og fundargerðir ritaðar. Skólaráð fundar 6-8 sinnum á ári. Formleg dagskrá er send út fyrir fundina og fundargerðir eru ritaðar. Kennarar í hverjum árgangi eru með vikulega fundi, en þar er ekki rituð fundargerð. Þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsfólks voru

---

<sup>2</sup> Eftir ábendingu frá matsteymi lét skólastjóri alla starfsmenn skólans undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi.

sammála um að upplýsingastreymi í skólanum væri mjög gott, allir fengju að vita hvað væri í gangi hverju sinni. Upplýsingar eru sendar til starfsmanna með tölvupósti eða hengdar upp á töflu og þess er gætt að allir séu vel upplýstir. Allir kennarar skólans sitja í teymi fyrir hvert fag í skólanum og teymin funda vikulega. Skólastjóri stýrði vinnunni við gerð skólanámskrár en kennarar og annað starfsfólk vann að einstökum hlutum hennar í teyminum.

Kennarar sækja mikið faglegan stuðning hver til annars en geta einnig leitað til kennsluráðgjafa og sálfræðings á þjónustumiðstöð. Kennarar í rýnihópi virtust upplifa ákveðna einangrun, skólanum er að sögn ekki boðið að taka þátt í Hvatningarverðlaunum eða öðru sem almennir grunnskólar í borginni eru að gera. Fagleg samskipti við kennara utan skólans virðast vera fremur lítil. Stuðningsfulltrúar í rýnihópi starfsfólks sögðust geta leitað stuðnings hjá öllum í starfsmannahópnum, enda eiga þeir mjög náið samstarf við kennara. Yfirmaður sérkennslu ræðir málin daglega við stuðningsfulltrúa á óformlegum fundum í kaffinu og ef á þarf að halda er alltaf opið inn til skólastjórans og auðvelt að fá stuðning þar.

Þar sem nemendur koma víða að af höfuðborgarsvæðinu er ekkert formlegt samstarf við leikskóla í hverfinu. Löng hefð er fyrir aðventuheimsókn nemenda í Háteigskirkju og eftir heimsóknina er kirkjukaffi þar sem fyrrverandi kennurum við skólann er boðið að koma. Skólinn hefur verið móttökuskóli fyrir kennaranema og er í samstarfi við Listaháskólann. Annars árs nemar í tónmenntakennaradeild koma í skólann og vinna með börnunum að ákveðnum verkefnum. Auk þess hefur skólinn verið í samstarfi við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem kemur í heimsókn einu sinni á ári. Mikil og góð tengsl eru við eldri kennara og starfsfólk sem látið hefur af störfum.

### **Viðhorf starfsmanna**

Góður starfsandi er í skólanum, að mati kennara og starfsmanna í rýnihópum, og talsvert félagslíf innan hópsins utan vinnu. Gamlir kennarar halda tengslum við skólann og taka þátt í ýmsum viðburðum. Mjög gott samstarf er á milli kennara og stuðningsfulltrúa og stuttar boðleiðir. Í rýnihópi kennara kom fram að stuðningsfulltrúar tækju virkan þátt í kennslunni í tímum. Fram kom í rýnihóp um sérkennslu að stuðningsfulltrúar vildu gjarnan vera með á fagfundum kennara til að fá upplýsingar og fylgjast með umræðunni.

Þátttakendur töldu að skólinn hefði gott orðspor og nyti velvildar í samfélaginu, nemendur koma víða að af höfuðborgarsvæðinu og margir eiga foreldra, ömmur eða afa sem gengu í Ísaksskóla og bera hlýjar tilfinningar til skólans. Nýjum kennurum er kennt að kenna eftir „Ísaksskólaleiðinni“ og verða „Ísaksskólakennarar“ og ákveðin íhaldssemi einkennir kennsluaðferðir, einkum í lestri. Að sögn skólastjóra er stöðugleiki í starfsmannahópnum og margir hafa starfað lengi við skólann. bæði kennarar og stuðningsfulltrúar. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að allur starfsmannahópurinn væri samstíga í því að fylgja eftir skólareglum, halda í hefðirnar og beita þeim kennsluaðferðum sem hafa reynst vel og verið notaðar í skólanum frá stofnun hans.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að húsnaði skólans væri vel nýtt og hver einasti fermetri væri í notkun. Þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsfólks gerðu engar athugasemdir um húsnaðið en fram kom að tæki í leikfimi mættu vera betri. Skólinn er með fartölvur fyrir

kennara til að þeir geti sinnt undirbúningi heima og þeir eru ekki með viðveruskyldu í skólanum eftir kennslu, nema þegar teymisfundir og starfsmannafundir eru. Aðstaða er fyrir smiðjur og list- og verkgreinakennslu í skólanum. Ekkert mötuneyti er í skólanum en boðið er upp á heitan mat í hádeginu sem keyptur er frá fyrirtækinu Krúsku.

### Skólaþróun

Unnið er að þróunarstarfi með hag nemenda að leiðarljósi í Skóla Ísaks Jónssonar. Nokkur þróunarverkefni eru í gangi í skólanum, t.d. verkefni um heilsu yngri barna (6-9 ára) og jógakennslu fyrir börn. Skólinn tekur einnig þátt í Nordplus verkefni. Kennarar í rýnihópi töldu engar hindranir vera í vegi fyrir frekari skólaþróun.

Að sögn skólastjóri hefur verið gerð umbótaáætlun fyrir skólaárið 2012-2013 en ekki hefur farið fram markvisst innra mat í skólanum.

Fram kom í rýnihópum kennara og starfsfólks að símenntun stæði starfsfólki alltaf til boða en það væri dálítið á ábyrgð hvers og eins að sækja sér þá símenntun sem hann teldi sig þurfa. Símenntunaráætlun liggur fyrir og er birt í skólanámskrá. Áætlunin er í samræmi við áherslur skólans, m.a. er boðið upp á námskeið í skriftar- og lestrarkennslu í Ísaksskóla, en áætlunin miðar einnig að því að efla starfsmenn í starfi og auka hæfni þeirra. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að þeir starfsmenn sem væru í námi með vinnu fengju mikinn stuðning frá skólastjóra. Kennarar og starfsfólk í rýnihópum könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í innra mati og vissu ekki til þess að matsteymi væri starfandi við skólann.

### Fagleg forysta

#### Það sem vel er gert:

- Stjórnun skólans er góð og skólastjóri stuðlar að góðum samskiptum meðal starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Skólinn hefur skýra stefnu og starfar í samræmi við hana.
- Mjög vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra og foreldrar hafa greiðan aðgang að skólastjóra og kennurum.
- Vel er staðið að því að kynna áherslur og sérstöðu skólans á heimasíðu og í kynningarefni sem útbúið hefur verið fyrir foreldra.
- Skipurit og starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir.
- Vönduð móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir og allir starfsmenn fá vegvísi/leiðbeiningar þar sem m.a. er farið yfir stefnu skólans, gildi, leiðarljós, skyldur starfsmanna, daglegt skipulag og hefðir.
- Allir kennarar, nema einn afleysingakennari, eru með leyfisbréf sem grunnskólakennarar.
- Samskipti eru jákvæð, starfsandi góður og gagnkvæmt traust ríkir milli aðila skólasamfélagsins.
- Upplýsingastreymi í skólanum er mjög gott og þess er gætt að allir starfsmenn séu vel upplýstir.
- Góð samskipti innan starfsmannahópsins og mikil samvinna þvert á starfsstéttir.

- Starfsmenn upplifa jákvæðni í garð skólans, eru stoltir af starfinu þar og telja hann hafa gott orðspor.
- Unnið er að nokkrum þróunarverkefnum við skólann og engar hindranir eru í vegi fyrir frekari skólaþróun, að mati kennara.
- Símenntunaráætlun tekur mið af áherslum skólans og miðar að því að efla starfsmenn í starfi.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Lagt er til að skólastjóri veiti kennurum markvissari endurgjöf um nám og kennslu.
- Æskilegt er að skólastjóri komi oftar inn í kennslustundir.
- Skólastjóri mætti vera duglegri að við að hrósa starfsfólki og veita beina endurgjöf.
- Jafnréttisáætlun liggur ekki fyrir.
- Koma þarf á fót vettvangi fyrir faglega umræðu og samstarf við kennara utan skólans.
- Tæki í leikfimisal mættu vera betri.
- Meta þarf starf skólans með markvissum hætti.
- Vinna þarf að umbótaáætlun á grundvelli innra mats.

## **Stefnumótun og skipulag**

### **Starfsáætlun og skólanámskrá**

Starfsáætlun Skóla Ísaks Jónssonar fyrir skólaárið 2012-2013<sup>3</sup> er aðgengileg á heimasíðu skólans. Hún er uppfærð árlega og lögð fyrir skólaráð til staðfestingar. Þegar starfsáætlun var yfirfarin hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur taldist hún í samræmi við grunnskólalög nr. 91/2008, aðalnámskrá grunnskóla (2011) og tilmæli skóla- og frístundasviðs um starfsáætlun grunnskóla Reykjavíkur (sjá í fylgiskjöllum: Gátlisti um starfsáætlun skóla). Starfsáætlun 2012-2013 var lögð fyrir Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur og samþykkt þar.

Skólanámskrá 2012-2013<sup>4</sup> liggur fyrir á heimasíðu skólans og eru þar upplýsingar um margt það sem tilgreint er í aðalnámsskrá að þar eigi að birta (sjá í fylgiskjöllum: Gátlisti um skólanámskrá). Unnið er að því í vetur að uppfæra skólanámskrána til samræmis við nýja aðalnámskrá og tekur flest starfsfólk skólans þátt í þeirri vinnu. Ekki er um beina aðkomu að ræða fyrir foreldra eða nemendur að mótun skólanámskrár nema í gegnum skólaráðið. Lítillega er gerð grein fyrir stefnu skólans og einkunnarorðum í skólanámskrá en í starfsáætlun er fjallað um markmið skólastarfsins og í vegvísir fyrir starfsfólk skólans er fjallað um stefnu og leiðarljós í skólastarfinu. Sá vegvísir er hins vegar ekki á heimasíðu skólans og því ekki aðgengilegur öðrum hagsmunaaðilum skólans en starfsfólki. Stefna skólans byggir á þeim gildum sem Ísak Jónsson valdi skólanum við stofnun hans og því er ekki um að ræða samstarf hagsmunaaðila skólans um mótun hennar. Stefnan hefur þó verið uppfærð til samræmis við aðalnámskrá grunnskóla. Í skólanámskrá koma ekki fram upplýsingar um hvernig framkvæmd skólastefnunnar og markmið hennar eru metin en að sögn kennara sem rætt var við í rýnihóp er farið yfir markmið skólans á starfsmannafundum.

<sup>3</sup> Sjá: [http://www.isaksskoli.is/modules/files/file\\_group\\_14/2012-13/documents/SIJ\\_starfsaaetlun\\_2012-13.pdf](http://www.isaksskoli.is/modules/files/file_group_14/2012-13/documents/SIJ_starfsaaetlun_2012-13.pdf)

<sup>4</sup> Sjá: [http://www.isaksskoli.is/modules/files/file\\_group\\_14/2012-13/documents/SIJ\\_skolanamsskra\\_2012-13.pdf](http://www.isaksskoli.is/modules/files/file_group_14/2012-13/documents/SIJ_skolanamsskra_2012-13.pdf)

Námsvísar/námsáætlanir eru aðgengilegir nemendum, foreldrum og starfsfólki á innri vef Mentors. Þeir eru ekki birtir á heimasíðu skólans. Í tengslum við heildarmatið var óskað eftir sýnishornum og voru lagðar fram námsáætlanir í öllum greinum. Í áætlunum koma fram upplýsingar um inntak náms, námsleiðir, kennsluhætti og námsmat.

Foreldrar í rýnihópi sögðu aðspurð um stefnu skólans: „Það eru hefðir og venjur sem þessi skóli er með og kemur fram í gegnum börnin og samskipti hér... þannig að það þarf ekki að vera að þylja upp einhverjar stefnur og slíkt... það er samræmi í því sem kennarar gera og þeir fara eftir sama rituali.“

### **Skóladagur nemenda**

Ísaksskóli er opin frá 7:30-17:30 alla daga nema föstudaga til kl. 16:30. Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi sá sami alla daga. Vikulegur námstími nemenda lengri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir, þannig fá nemendur kennslu í 35 vikustundir í stað 30 stunda. Nemendur í 7-9 ára bekk eiga þess kost að taka þátt í kórstarfi 2 stundir á viku til viðbótar skóladegi. Nám nemenda er skipulagt í þrjár lotur hvern dag 80 og 100 mínútna langar með 20 mínútna frímínútum að morgni og 40 mínútna hádegishléi. Kennslu lýkur daglega kl.14:10 og þau börn sem ekki eru sótt fara í Sunnuhlíð og geta verið þar til kl.17:15 mánudaga til fimmtudaga og til kl.16:15 á föstudögum.

Miðað við skoðun á stundatöflum og námsáætlunum eru allar námsgreinar kenndar í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla. Ekki verður séð af gögnum að samvinna sé milli bekkja eða árganga og heldur ekki að tækifæri séu nýtt til samþættingar námsgreina í heildstæðum verkefnum. Samkvæmt upplýsingum frá skólustjóra er unnið reglulega í þema og verkefni í samfélagsfræði gjarnan nýtt undir samþættingu námsgreina.

### **Verklagsreglur og áætlanir**

Starfsandi í Ísaksskóla er jákvæður og góður og kemur sterkt fram í stefnu skólans að áhersla er lögð á tillitsemi, gagnkvæma virðingu, háttvísi og góða framkomu. Sérstakur vegvísir er gefinn út fyrir starfsfólk skólans þar sem m.a. eru skilgreind leiðarljós samskipta í skólanum.

Skólareglur liggja fyrir og eru sýnilegar í skólaföfum auk þess sem þær eru birtar á heimasíðu, í skólanámskrá og í starfsáætlun. Reglurnar og viðbrögð við agabrotum eru að mestu í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 1040/2011 (Sjá í fylgiskjöllum: gátlisti um skólareglur). Nemendur taka ekki þátt í að móta skólareglurnar, enda er það eitt af sérkennum skólans að haldið er tryggt við þær reglur sem settar voru á upphafsárum Ísaksskóla.

Nemendaverndarráð er lögum samkvæmt starfandi í skólanum. Áætlun um forvarnir til að koma í veg fyrir einelti og viðbrögð ef eineltismál koma upp liggja fyrir í skólanámskrá. Í viðhorfakönnun til foreldra sem lögð var fyrir í mars 2012 kom fram að meirihluti foreldra telur að markvisst sé unnið eftir eineltisáætlun skólans. Í skólanámskrá og starfsáætlun er að auki að finna flestar aðrar áætlanir sem lögbundnar eru.

Kannanir og skimanir eru lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð og áætlun um sérkennslu hefur verið gerð. Fyrirliggjandi er móttökuáætlun fyrir nemendur með

annað tungumál en íslensku, en ekki móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir eins og reglugerð um nemendur með sérþarfir (nr. 585/2010) gerir ráð fyrir. Þó kemur fram í rýnihópi um sérkennslu að gerðar eru móttökuáætlanir fyrir nemendur með sérstakar þarfir við upphaf skólagöngu þeirra.

### **Stefnumótun og skipulag**

#### **Það sem vel er gert:**

- Starfsáætlun er uppfærð árlega og aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans og markvisst er unnið að því að uppfæra hana til samræmis við nýja aðalnámskrá grunnskóla.
- Námsáætlanir fyrir allar námsgreinar eru aðgengilegar nemendum og foreldrum á innri vef Mentors.
- Vikulegur námstími nemenda lengri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir, þannig fá nemendur kennslu í 35 vikustundir í stað 30 stunda.
- Skólareglur eru í samræmi við reglugerð 1040/2011. Reglurnar eru sýnilegar í skólanum og farið er eftir þeim.
- Flestar lögbundnar áætlanir liggja fyrir, þ.m.t. áætlanir til að fyrirbyggja einelti og slys/veikindi, áætlanir til að bregðast við áföllum og agamálum og áætlanir um stuðning við nemendur.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Í starfsáætlun er ekki að finna upplýsingar um starfsáætlun skólaráðs og viðfangsefni innra mats eins og aðalnámskrá grunnskóla kveður á um.
- Til bóta væri að sameina umfjöllun um leiðarljós, gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og markmið skólans og birta í skólanámskrá.
- Við endurskoðun skólanámskrár þarf að skoða sérstaklega hvernig grunnþættir aðalnámskrár; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, birtast í henni.
- Bent er á að samkvæmt aðalnámskrá skal í skólanámskrá gera grein fyrir aðferðum sem eru notaðar við innra mat og einnig skal fjallað þar um áherslur og áætlanir um innra mat og þróunarstarf. Ennfremur skal í skólanámskrá birta upplýsingar um vitnisburðarkerfi skólans.
- Huga þarf að aðkomu foreldra og annarra hagsmunaaðila, eftir því sem við á, að gerð starfsáætlunar og skólanámskrár.
- Æskilegt er að námsvísar/námsáætlanir séu aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Til bóta væri að gera ítarlegar grein fyrir viðbrögðum við brotum á skólareglum.
- Bent er á að vinna þarf áætlun um móttöku nýrra nemenda, móttöku nemenda með sérþarfir og áætlun um jafnrétti og mannréttindi.

## **Samskipti heimila og skóla**

### **Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi**

Í stefnu skólans er tekið fram að skólastarfið sé samstarf allra sem að skólanum koma og gott samstarf foreldra og skóla sé nauðsynlegt til að námið skili árangri. Þátttaka foreldra í

skólastarfinu sé mikilvæg; í foreldrafélagi, bekkjarstarfi, með mætingu á kynningar skólans, aðstoð í ferðum og stuðningi við heimanám. Á heimasíðunni er birt könnun um viðhorf forráðamanna nemenda í Ísaksskóla 2012, upplýsingar um stjórn, lög og viðburði foreldrafélags. Upplýsingar um skólaráð er að finna í *skólanámskrá* og *Um skólann* en upplýsingarnar eru ekki að öllu leyti sambærilegar (Heimasíða, Stefna skólans).

Í foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs vorið 2012 svöruðu 73 foreldrar í Ísaksskóla könnuninni af 106 í úrtaki eða 69%.

Helstu niðurstöður voru þær að 93% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann almennt og hefur hlutfallið verið frá 97-99% síðustu ár. Ánægja foreldra í öðrum grunnskólum í Reykjavík var að meðaltali 84% árið 2012.

Í heildina voru niðurstöður skólans góðar í foreldrakönnuninni fyrir skólaárið 2011-2012. Ánægja með umsjónarkennara var mjög mikil eins og víðar í borginni og hefur ánægjan haldist stöðug síðustu ár en allir eða nær allir foreldrar eru ánægðir með viðmót, samskipti og upplýsingamiðlun frá kennara.

Spurningar um líðan barnanna í skólanum komu vel út, ekki ósvipað meðaltali Reykjavíkur en nær allir foreldrar telja börnum sínum líða vel í skólanum. Einelti meðal nemenda mældist 12% í foreldrakönnuninni nú en var 14% í könnuninni árið 2010. Meðaltal annarra skóla vorið 2012 var 11%. Mikil ánægja var með samskipti starfsfólks og það sama á við um hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins.

Foreldrarnir sem tóku þátt í könnuninni voru yfirleitt sáttir við áherslur skólans, kröfur til nemenda og aga. Um 90% sögðu barnið fá verkefni við hæfi í skólanum og 94% fannst agi í skólanum vera hæfilegur (80% voru sama sinnis í öðrum skólum í Reykjavík). Hlutfall foreldra sem aðstoða barnið alltaf eða oft við heimanám var 94% enda eru nemendur á þeim aldri þar sem gert er ráð fyrir stuðningi foreldra t.d. við heimalestur. Um fjórðungur foreldra sagðist hafa gert námsáætlun með barni sínu en um helmingi fannst það vera mikilvægt verkefni.

Um helmingur foreldra var ánægður með aðstöðu á skólalóð og mun fleiri voru ánægðir með gæslu á skólalóð heldur en almennt í Reykjavík (77% í samanburði við 44%). Ánægja með aðstöðu til íþróttaiðkunar, aðgang að tölvum og aðstöðu fyrir verklegar greinar var í meðallagi, minnst með það síðastnefnda.

Foreldrar í rýnihópi nefndu mörg dæmi um beina þátttöku foreldra í skólastarfinu og sögðu að flestir foreldrar hefðu áhuga á að koma inn í skólann, bæði til að fylgjast með starfinu og til aðstoðar. Gjarnan mættu vera fleiri tækifæri til að taka þátt eða aðstoða skólann, t.d. í vettvangsferðum eða við gæslu, s.s. í veikindum starfsfólks. Þeir voru ánægðir með aga og samskiptavenjur í skólanum, hvernig fylgst væri með börnum þeirra yfir skóladaginn og þeim fannst starfsfólk þekkja hvert barn. Foreldrarnir sögðu unnt að nálgast stefnu skólans á heimasíðu og í ýmsu kynningarefni en fannst það ekki vera sérstaklega mikilvægt að kynna

hana markvisst fyrir foreldrum, flestir þekktu gildi skólans og hefðir og væru að sækjast eftir því með því að velja skólann fyrir barn sitt. Námið væri einstaklingsmiðað, námshópar væru litlir og raðað markvisst í þá eftir þörfum nemenda. Reynt væri að finna verkefni sem börnin hefðu áhuga á. Foreldrarnir könnuðust ekki við að nemendur settu sér sjálfir markmið og höfðu ekki sjálf tekið þátt í að setja markmið með þeim eða meta árangur þeirra. Nokkur umræða skapaðist í rýnihópi um námsmat sem sumum þótti einsleitt og hefðbundið. Skoða mætti líka fleiri þætti en námslegan árangur.

Í rýnihópi foreldra kom fram að samskipti við starfsfólk væru góð og jákvætt viðmót ríkjandi. Leyst væri fljótt úr vandamálum sem upp kæmu og auðvelt að ná sambandi við stjórnendur skólans. Upplýsingagjöf væri í góðu lagi, bæði frá skólanum almennt og frá kennurum þar sem foreldrar væru upplýstir um hvað hefði átt sér stað og hvað væri framundan. Heimasíðuna mætti þó nýta betur til upplýsingagjafar.

### Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð starfar við Skóla Ísaks Jónssonar skv. lögum um grunnskóla og reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Í skólaráðinu situr skólastjóri, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans og þrír fulltrúar foreldra samkvæmt upplýsingum á heimasíðu skólans. Ekki eru fulltrúar nemenda né grenndarsamfélags. Skólaráðið fundar tvisvar til þrisvar sinnum yfir skólaárið. Skólastjóri annast skipulag funda og fundardagskrá er ákveðin fyrirfram en fulltrúar geta lagt mál til umfjöllunar eftir því sem þörf er á. Fundargerðir skólaráðs eru ekki birtar á heimasíðu skólans.

Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar þekktu ekki mikið til starfa skólaráðsins og vissu ekki hverjir væru fulltrúar þeirra, en lýstu yfir áhuga á að vita meira um hverjir starfa þar og hlutverk þess. Í foreldrakönnun í Ísaksskóla vorið 2012 sögðust 39% vita hverjir væru fulltrúar foreldra í skólaráði sem var yfir meðaltali annarra skóla í Reykjavík.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum félagar í því. Á heimasíðu skólans segir að markmið félagsins séu að vera samstarfsvettvangur foreldra, tryggja samstarf foreldra og starfsfólks, styðja heimili og skóla við að skapa góð uppeldis- og menntunarskilyrði, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Foreldrafélagið stendur fyrir fjórum viðburðum á ári með foreldrum og nemendum. Fræðslufyrirlestrar fyrir foreldra hafa legið niðri sl. 2 ár. Mæting foreldra á viðburði, sem oft eru til fjáröflunar fyrir skólann, er mjög góð að mati foreldra í rýnihópi, en mæting á fundi sérstaklega ætlaða foreldrum, þ.m.t. aðalfund foreldrafélagsins er dræm. Hluti skýringarinnar á því er dreifð búseta foreldra. Bekkjarfulltrúar eru í hverjum bekk, þeir skipuleggja bekkjarkvöld einu sinni á önn og samstaða er í ákveðnum árgöngum um að halda upp á afmæli sameiginlega.

### Það sem vel er gert:

- Ánægja foreldra með skólann er mikil og stöðug í gegnum árin. Ánægjan er bæði með áherslur í skólastarfinu og líðan nemenda.



- Mikil ánægja er með samskipti við starfsfólk og ánægja með gæslu á skólalóð er mun meiri en í öðrum skólum. Foreldrar finnst að börnum þeirra sé sýnd umhyggja og virðing.

**Tækifæri til umbóta:**

- Fjórðungur foreldra skv. foreldrakönnun hafði tekið þátt í að gera námsáætlun með barninu en um helmingur foreldra í könnuninni lýsti yfir áhuga á því.
- Birta þarf fundargerðir skólaráðs á heimasíðu skólans og hafa fulltrúa nemenda í skólaráði.
- Finna farveg til að nýta enn frekar áhuga foreldra á aðkomu að skólastarfinu.

## Svið II Nám og kennsla

### Nám og námsaðstæður

#### Inntak og árangur

Skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans og þar er að finna flesta þá þætti sem fjalla skal um skv. aðalnámskrá grunnskóla. Námsvísar/námsáætlanir birtast ekki á heimasíðu en foreldrar sjá áætlanir fyrir einstakar greinar og árganga í Mentor. Áætlanir fylgja þrepamarkmiðum í aðalnámskrá og þar koma einnig fram upplýsingar um námsgögn, kennsluáferðir og námsmat í viðkomandi grein. Skólanámskrá er í endurskoðun meðal kennara samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra og lýkur þeirri yfirferð þegar nýjar greinanámskrár liggja fyrir.

Almennt fylgjast nemendur að í námi en þó eru dæmi um að nemendur fari á eigin hraða í náminu (sjá fylgiskjal 3, vettvangsathuganir).

#### Samræmd könnunarpróf

**Lesskimunarprófið Læsi** hefur verið lagt fyrir í Ísaksskóla á sama tíma og í öðrum skólum í Reykjavík frá árinu 2005. Vorið 2012 var skimunin lögð fyrir 38 af 40 nemendum í 2. bekk Ísaksskóla. Þá gátu 27 af 38 nemendum, eða 71% lesið sér til gagns<sup>5</sup> sem er nær sama hlutfall og að meðaltali í Reykjavík. Hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns hefur oftast verið yfir meðaltali Reykjavíkur, stundum langt yfir eins og árið 2010 en stundum undir eins og árið 2005. Að meðaltali er munurinn 10 prósentustig á árabílinu 2005-2012.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
<b>Lesskimun 2. bekkur</b>								
Hlutfall sem les sér til gagns	56%	76%	77%	79%	82%	92%	83%	71%
Reykjavík	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%

Nemendur skólans hafa ekki tekið þátt í Talnalykli sem er stærðfræðiskimun fyrir nemendur í 3. bekk sem nær allir skólar í Reykjavík taka þátt í.

#### Samræmd könnunarpróf

Í Ísaksskóla er mikil áhersla lögð á kennslu í íslensku og stærðfræði enda er eitt af meginmarkmiðum skólans að vera í fremstu röð grunnskóla á landinu á yngsta aldurstiginu. Séu niðurstöður samræmdra könnunarprófa frá árinu 2007 skoðaðar fyrir skólann og svo Reykjavík í heild má sjá að því markmiði er oftast náð hvert ár og þegar á heildina er litið. Meðaltal skólans hefur mest verið 9,5 stigum hærra en meðaltal borgarinnar en aldrei verið undir því sé litið til þessara 5 ára. Árangur í stærðfræði er einnig mjög góður, munurinn þar hefur mestur verið 9,4 stig

	2007	2008	2009	2010	2011	Meðaltal 2007-2011
<b>4. bekkur</b>						
Íslenska	34,0	36,9	40,8	40,5	37,9	37,9
Reykjavík	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,7
Stærðfræði	31,8	34,9	38,6	38,1	39,1	36,6
Reykjavík	30,0	30,0	30,4	30,5	29,7	30,1

<sup>5</sup> Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

### **Skipulag náms og námsumhverfi**

Framvinda náms fylgir markmiðum aðalnámskrár eftir því sem fram kemur í námsáætlunum. Í yngstu deildum er megináhersla lögð á kennslu í lestri, íslensku og stærðfræði og áttthagafræði en í eldri deildum eru allar námsgreinar sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir auk ensku sem er kennd frá 5 ára bekk. Markviss útikennsla er hjá 9 ára nemendum einn dag í viku og er skólinn í samstarfi við Náttúruskólann um kennsluna. Kennsla verkgreina fer fram í smiðju og eru viðfangsefnin hugsuð sem samþætting við ýmsar námsgreinar í öllum námsgreinum.

Námsmat er birt í umsögnum og einkunnum í tölum. Lestrareinkunn byggir á fjölda lesinna atkvæða á mínútu og hámark er sett á lestrareinkunn eftir aldri. Foreldrar í rýnihópi segjast fá upplýsingar um framfarir barna sinna í foreldraviðtali.

Námsumhverfi er almennt hlýlegt, snyrtilegt og námshvetjandi (sjá fylgiskjal 3. Vettvangsathuganir). Skólinn sér nemendum fyrir öllum námsgögnum og ritföngum til námsins og eru þau tiltæk í skólastofum. Nemendum er líka kennt sérstaklega hvernig á að fara með þau og er það hluti af „Ísaksskólaleiðinni“. Aðstaða til sérkennslu er lítil og í rýnihópi kemur fram að gögn fyrir sérkennsluna eru geymd í skólastofum nemenda eða inni hjá stjórnanda og færð á milli eftir því hvar er laust hverju sinni.

Heimanám er fastur liður í námi nemenda en tilhögun þess og umfang er misjafnt eftir aldri nemenda og ákvörðun kennara. Foreldrar í rýnihópi hafa ólíkar skoðanir á því hvort mikið heimanám sé æskilegt eða ekki.

Ekki verður séð að nemendasamtöl séu viðhöfð í skólanum, en að sögn skólastjóra ræða flestir nemendur við kennara sína um líðan og nám í skólanum, á yngsta stigi og í litlum skóla er auðvelt að koma þessu við.



### **Kennsluhættir og gæði kennslu**

Skólinn hefur markað sér sérstöðu í lestrarkennslu og íslenska og stærðfræði eru „í mjög föstum skorðum“ segir í rýnihópi kennara. Mikil áhersla er á söng sem lið í skólastarfinu og í tvisvar í viku er söngstund á sal sem er fjölsótt af foreldrum. Þá syngja nemendur lög sem þau hafa æft í vikunni með kennurum sínum.

Farið var í vettvangsheimsókn í alls 18 kennslustundir og þar af voru 16 metnar.


Heimsóknirnar dreifðust á alla námshópa og flestar námsgreinar. Stundirnar voru almennt vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Skráð var hvaða kennsluhættir voru notaðir í þessum stundum, merkt var við 1-3 atriði í hverri stund. Í 37% stundanna voru nemendur í verkefnavinnu undir stjórn kennara a.m.k. hluta tímans og í 24% stundanna var bein kennsla eða innlögn stundum með spurningum til nemenda (sjá einnig fylgiskjal 3:

Vettvangsheimsóknir). Verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í 21% tilvika sem er aðeins hærra en að meðaltali í öðrum skólum (18%). Samvinnu nemenda og sjálfstæða vinnu þeirra var merkt við í alls 9% tilvika sem er lægra en meðaltal (16%). Sjá meðfylgjandi mynd.



Til samanburðar eru kennsluhættir að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið sl. þrjú ár.

Einnig var lagt mat á gæði þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru. 81% stundanna voru metnar góðar, 13% frábærar og 6% viðunandi skv. viðmiðum (sjá fylgiskjal 2: Viðmið um gæði kennslu). Engin stund var metin óviðunandi.



Gæði kennslustunda eru metin m.a. út frá því hve vel og markvisst kennari skipuleggur stundina, hversu vel tíminn er nýttur og hvort nemendur eru virkir og áhugasamir.

Kennslustund sem metin er viðunandi uppfyllir ekki alla þessa þætti en er samt í meginatriðum í lagi (sjá einnig fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir).

Í flestum stundum sem heimsóttar voru nemendur að fást við sama verkefni á sama tíma. Að mati foreldra í rýnihópi fá nemendur krefjandi verkefni og fjölbreytt.

### **Námshættir og námsvitund**

Nemendur í rýnihópum eru almennt áhugasamir um nám sitt og sátir við þær leiðir og aðferðir sem notaðar eru í kennslu. Miðað við það sem séð varð í vettvangsathugunum ræður kennarinn oftast ferðinni, nemendahópurinn er samferða og einstaklingar hafa ekki mikið val um viðfangsefni eða námsleiðir. Þó fá nemendur sem ráða vel við námsefnið að fara áfram á eigin hraða. Ekki kemur fram að sérstaklega sé hugað að því að nemendur læri að ígrunda eigið nám né styrkleika sína og þarfir í námi.

### **Nám og námsaðstæður**

#### **Það sem vel er gert:**

- Námsumhverfi er almennt hlýlegt, snyrtilegt og námshvetjandi og skólinn sér nemendum fyrir námsgögnum og ritföngum.
- Meðalárangur nemenda í lesskimun í 2. bekk er oftast hærri en í grunnskólum Reykjavíkur (10 prósentustiga munur að meðaltali sl. 8 ár).
- Árangur í íslensku og stærðfræði á samræmdum könnunarprófum er mjög góður og oft munar töluvert miklu á meðaltali skólans og meðaltali skóla í Reykjavík.
- Vettvangsheimsóknir sýna að 94% þeirra kennslustund sem heimsóttar voru teljast góðar eða frábærar.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Æskilegt er að birta námsvísa/námsáætlanir á heimasíðu skólans.
- Æskilegt er að huga að samræmi í heimanámi nemenda milli bekkja.
- Nemendur skólans taka ekki þátt í stærðfræðiskimuninni Talnalykli.
- Leggja þarf metnað í að auka enn frekar fjölbreytni í kennsluháttum.
- Auka þyrfti val nemenda um viðfangsefni og/eða námsleiðir.

### **Þátttaka og ábyrgð nemenda**

#### **Lýðræðisleg vinnubrögð**

Nemendafélag er starfandi við skólann skipað nemendum úr elstu bekkjum. Ekki er leitað markvisst eftir sjónarmiðum nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfsins en að mati kennara er hlustað á þau. Nemendur þekkja hugmyndakassa nemendafélagsins þar sem þau geta komið tillögum sínum á framfæri og félagið hefur afhent skólastjóra lista yfir tillögur sínar, s.s. um körfuboltakörfu á lóðinni sem sett var upp sl. sumar.

Ekki eru formlegir bekkjarfundir en að sögn kennara hittast nemendahópar í byrjun dags og „tala saman á þægilegum stað“ í stofunni. Í öllum rýnihópum kemur fram að í skólanum ríki góður og jákvæður andi samstarfs og virðingar og að agi sé jákvæður.

## Ábyrgð og þátttaka

Starf, háttvísi, þroski og hamingja eru einkunnarorð skólans og lagði Ísak Jónsson grunn að þeim. Í þeim felst m.a. að: „Við erum iðin, skapandi og vöndum vinnubrögð okkar“ og „Við berum ábyrgð á sjálfum okkur og okkar gjörðum og höfum í heiðri samkennd og samvinnu“ (Skólanámskrá Ísaksskóla).

Markmið náms eru aðgengileg foreldrum í námsáætlunum í Mentor og í aðalnámskrá grunnskóla. Markmið einstakra stunda eru ekki gerð sýnileg fyrir nemendum eða rætt um þau miðað við það sem séð varð í vettvangsheimsóknum en virðast þó nemendum ljós í því að þeir vita hvað þeir eiga að gera og til hvers er ætlast hverju sinni. Nemendur taka ekki þátt í að setja sér einstaklingsbundin markmið né því að meta eigin framfarir.

## Viðhorf nemenda

Börnum í rýnihópi 5 ára fannst skemmtilegast að læra stafina og gátu ekki nefnt neitt við skólagönguna sem þeim þótti leiðinlegt. Þau þekktu skólareglur og gátu nefnt dæmi um börn sem höfðu brotið einhverjar skólareglur. Ekki allir voru vissir um hver væri skólastjórinn. Viðbrögð við brotum væru ferð til skólastjórans og kennarar yrðu stundum reiðir. Börnin sögðu að þeim liði vel í skólanum og fáir væru að stríða þeim. Þau ættu að leita til skólastjórans ef þeim væri strítt. Börnin lýstu bekkjarkvöldi og fannst gaman að taka þátt í því, ekki síst því að fá að koma með veitingar og borða kökur í skólanum.

Nemendur í 1. og 2. bekk skólans nefndu hópavinnu, smiðjur, innlögn kennara og einstaklingsvinnu þegar rætt var um kennsluáferðir í skólanum. Vettvangsferðir voru einnig nefndar og þær væru hæfilega oft. Sumum fannst heimavinnan vera mikil, sérstaklega fyrir þá sem kynnu lítið að reikna. Kennarar ákvæðu hvert nemendur ættu að vera komnir í námsbókunum og þeim fannst allir vera að gera það sama oftast nær – þó nefndu þau að þeir sem væru á undan fengju fleiri verkefni en sögðu að þau ættu frekar að fá erfiðari verkefni. Upplifun þeirra af aðstoð kennara við námið var misjöfn, sumir sögðu að kennarinn útskýrði allt vel og aftur ef einhver skildi ekki námsefnið en aðrir sögðu að kennari þeirra útskýrði allt of hratt og þau ættu bara að fylgjast betur með ef þau væru að biðja um frekari útskýringar. Kennarar mættu hrósa þeim meira, sumir kennarar væru með stjórnukerfi sem væri misjafnt hvernig virkaði milli kennara.

Nemendur töluðu um hugmyndakassa þar sem þau gætu lagt fram hugmyndir um breytingar en annars væri nemendafélag sem „gerði ekki mikið fyrir 6-7 ára krakka“. Þessir nemendur nefndu nokkrar skólareglur sem þau þekktu en töldu að sömu reglur giltu ekki fyrir alla, s.s. um að fara ekki út af skólalóðinni. Annars væri góður andi í skólanum og krakkarnir væru vinir í bekknum og milli bekkja en ekki mikið milli árganga. Þau þekktu til eineltis og nefndu þá kennara sem mest tækju á þeim vandamálum.

Nemendur í 8. og 9. ára bekkjum skólans nefndu stöðvavinnu, einstaklingsverkefni, hópavinnu, þemaverkefni og vettvangsferðir í umræðum um nám og kennslu. Þeim fannst námið stundum of létt og þeir sem væru búnir með námsefnið fengju alltaf nýjar bækur. Eins og í rýnihópi yngri nemenda voru krakkarnir ekki sammála um hvort kennararnir væru góðir í

að útskýra þannig að allir skildu. Framkoma kennara væri oftast góð, stundum væru kennarar strangir og þess þyrfti líka stundum. Aðalmálið væri samt að kennarar kenndu vel, það væri mikilvægara en að hann væri skemmtilegur. Heimanám væri stundum aðeins of mikið. Hrós frá kennurum væri gott og nemendur útskýrðu agakerfi mjög vandlega. Oft mætti vera meiri vinnufriður í kennslustundum.

Flestir þekktu einkunnarorð og merki skólans. Skólareglur væru flestar sanngjarnar en skilning þyrfti að hafa á því að stundum þyrfti að hlaupa á göngunum, s.s. vegna klósettferða eða þegar á að fara að gera eitthvað skemmtilegt. Viðurlög við brotum á skólareglum væru að fara til skólastjóra en það þyrfti samt að vera frekar alvarlegt. Nemendur í rýnihópnum ræddu töluvert um vinahópa innan bekkja og að sumum gengi illa að finna vini. Þeim fannst ekki alltaf vera vinátta milli bekkja. Einelti væri ekki algengt en stundum væri verið að skilja útundan og kennararnir mættu skipta sér meira af því.

## **Þátttaka og ábyrgð nemenda**

### **Það sem vel er gert**

- Í skólanum ríkir góður og jákvæður andi samstarfs og virðingar og jákvæður agi.
- Nemendur í rýnihópum segja að þeim líði almennt vel í skólanum.
- Nemendur nefna fjölbreyttar leiðir í námi og eru almennt ánægð með kennara sína.

### **Tækifæri til umbóta**

- Skýra og auka virkni nemendafélags og kynna fyrir yngri nemendum.
- Leita markvissar eftir sjónarmiðum nemenda um skólastarfið.
- Nemendur taki þátt í að setja sér einstaklingsbundin markmið og meti eigin framfarir.

## **Námsaðlögun**

### **Nám við hæfi allra nemenda**

Í stefnu skólans og skólanámskrá er ekki að finna hugtakið *skóli án aðgreiningar*, en leitast er við að koma til móts við þarfir allra nemenda með almennri kennslu, viðbótarverkefnum fyrir þau sem þurfa og einstaklingsmiðaðri kennslu fyrir nemendur með sérstakar þarfir, þetta kom fram bæði í vettvangsheimsóknum og í rýnihópum. Sérkennsla byggir á skimunum og greiningum segir í skólanámskrá skólans og gerð er einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem hennar njóta í samráði við foreldra þeirra. Að öðru leyti taka foreldrar ekki þátt í að setja börnum sínum markmið í námi. Skólabragur einkennist af háttvísi og virðingu fyrir öllum í samræmi við gildi skólans.

### **Stuðningur við nám**

Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirsýn yfir sérkennsluna og deilir verkefnum til þeirra sem að henni koma. Að mati rýnihóps um sérkennslu er vel haldið utan um starfið og gott aðgengi að öllum innan skólans. Einnig kemur fram að verið er að þróa stuðning við tvítýngd börn. Móttökuáætlun er gerð fyrir börn með sérstakar þarfir og reglulegir fundir með foreldrum þeirra.

Samkvæmt skólanámskrá eru reglulega lagðar fyrir skimanir og kannanir til að fylgjast með námsframvindu nemenda og til að greina vanda sem upp kemur, „þau sem koma illa út fá séraðstoð“, segir í rýnihópi kennara. Námsmat í sérkennslu fer fram reglulega og er ætlað að kanna hvort markmiðum námsáætlana hafi verið náð, það er aðlagað að einstaklingsmarkmiðum. Framhald kennslunnar er skipulagt út frá niðurstöðum námsmatsins (Skólanámskrá, sérkennsla). Sérkennsla fer ýmist fram innan bekkjar eða utan og allir nemendur fylgja bekk mestan hluta námstímans. Ábyrgð á stuðningi við nemendur er í höndum menntaðs sérkennara. Ísaksskóli nýtur þjónustu frá þjónustumiðstöð hverfisins og fulltrúi þaðan situr í nemendaverndarráði skólans.

## **Námsaðlögun**

### **Það sem vel er gert**

- Leitast er við að koma til móts við þarfir allra nemenda með almennri kennslu, viðbótarverkefnum fyrir bráðger börn og einstaklingsmiðaðri kennslu fyrir nemendur með sérstakar þarfir.
- Reglulega lagðar fyrir skimanir og kannanir til að fylgjast með námsframvindu nemenda og til að greina vanda sem upp kemur

### **Tækifæri til umbóta**

- Skilgreina hvernig unnið er að stefnu um skóla án aðgreiningar í Ísaksskóla.
- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.



## Svið III Innra mat grunnskóla

### Framkvæmd innra mats

#### Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Innra mat í Skóla Ísaks Jónssonar getur hvorki talist kerfisbundið né samofið daglegu skólastarfi. Hvergi í gögnum skólans er að finna umfjöllun um innra mat, hvorki í skólanámskrá, starfsáætlun né á heimasíðu skólans. Engin áætlun um innra mat liggur fyrir hvorki til lengri né skemmri tíma. Mat á árangri nemenda fer þó reglulega fram með prófum, skimunum og könnunum en skólinn hefur að sögn skólastjóra ekki tekið upp mat á kennslu og fagmennsku kennara. Miðað við skólaheimsókn er ekki hægt að segja að mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum sé sýnilegur liður í daglegu starfi þeirra þó auðvitað fari slíkt mat ætíð að einhverju leyti fram. Samkvæmt viðtali við skólastjóra er þetta liður í tengslum við árleg starfsmannaviðtöl.

Í Ísaksskóla er engu að síður vísir að mati á einstaka þáttum í skólastarfinu. Í viðtali við skólastjóra og í rýnihóp kennara kom fram að við skólann er starfandi vellíðunar- og vinnustaðateymi sem tekur á málum ef einhverjum líður illa í vinnunni. Síðastliðið skólaár lagði teymið könnun fyrir starfsfólk til að kanna líðan þess og í kjölfar könnunar var unnið með það sem betur mátti fara. Einnig svara foreldrar viðhorfskönnun sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkur leggur fyrir foreldra allra grunnskólabarna í Reykjavík. Niðurstöður úr þeirri könnun gefur möguleika á að bera skólann saman við meðaltalstölur fyrir skóla í Reykjavík.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði úttekt á sjálfsmatsaðferðum Skóla Ísaks Jónssonar vorið 2009 og heildarniðurstöður hennar voru að skólinn uppfyllti hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats.

#### Innra mat er markmiðsbundið

Þar sem lítið er um innra mat í skólanum er ekki um að ræða að markmið skólastarfsins séu metin með markvissum hætti né að skilgreind hafi verið viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Innra matið getur því engan veginn talist uppfylla viðmið um að vera markmiðsbundið.

#### Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Í þeim þáttum sem metnir hafa verið í Skóla Ísaks Jónssonar, þ.e. við mat á árangri og framförum nemenda og líðan starfsfólks, virðast vera notaðar aðferðir sem hæfa viðfangsefninu. Þá nýtir skólinn að sögn skólastjóra niðurstöður úr ytra mati, s.s. úr samræmdum prófum og viðhorfakönnunum til foreldra, til að stuðla að umbótum. Erfitt er þó að meta þetta út frá fyrirliggjandi gögnum þar sem ekki liggur fyrir skráð vinnuferli í tengslum við gagnaöflun og úrvinnslu ef frá er talið að í skólanámskrá er gerð grein fyrir skimunum og könnunum sem notaðar eru til að meta framfarir í lestri.

## **Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum**

Innra mat í Ísaksskóla uppfyllir ekki viðmið um að vera samstarfsmiðað og byggja á lýðræðislegum vinnubrögðum. Matsteymi hefur ekki verið stofnað en sem fyrr segir er starfandi vellíðunar- og vinnustaðateymi sem hefur það hlutverk að fylgjast með líðan starfsfólks. Kennarar annast mat á árangri og framförum nemenda. Foreldrar og nemendur hafa ekki aðkomu að ákvörðunum í tengslum við innra mat og takmarkað er leitað eftir sjónarmiðum þeirra ef frá er talið að viðhorf foreldra eru könnuð annað hvert ár með viðhorfakönnun sem lögð er fyrir af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Fram kemur í viðtali við skólastjóra að á skrifstofu er kassi þar sem nemendur geta sett miða með ábendingum.

### **Framkvæmd innra mats**

#### **Það sem vel er gert:**

- Reglulegt mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólastarfinu.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Bent er á að samkvæmt lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla er skólum skylt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs.
- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta hana í skólanámskrá.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.
- Bent er á að matið þarf að beinast að markmiðum skólanámskrár og meta þarf jafnframt leiðir að markmiðum.
- Veita þarf öllum hagsmunahópum tækifæri til að taka þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati, t.d. í gegnum aðkomu skólaráðs eða fulltrúa í matsteymi.
- Bent er á mikilvægi þess að allir helstu hagsmunaaðilar skólans fái tækifæri til að láta í ljós viðhorf sín til skólastarfsins, þ.m.t. nemendur.
- Lagt er til að niðurstöður úr innra mati séu nýttar til að eiga samræður við hagsmunaaðila um þróun og umbætur.

## **Umbótastarf í kjölfar innra mats**

### **Innra mat er opinbert**

Á heimasíðu skólans eru birtar niðurstöður foreldrakönnunar sem lögð var fyrir af Skóla- og frístundasviði árið 2012. Aðrar greinargerðir um innra mat eru ekki aðgengilegar á heimasíðu eða á öðrum opinberum vettvangi. Umbótaáætlun er heldur ekki að finna á heimasíðunni. Í viðtali við skólastjóra kom fram að umbótaáætlun fyrir skólaárið 2012-2013 væri til, óskað var eftir að hún væri lögð fram og var það gert á síðari stigum matsins.

### **Innra mat er umbótamiðað**

Þar sem takmarkað innra mat á sér stað í Ísaksskóla og engin skýrsla liggur fyrir með niðurstöðum er ekki unnt að meta hvort innra matið sé umbótamiðað. Rétt er þó að benda á að í rýnihóp með foreldrum kom fram að vel er brugðist við ábendingum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf. Foreldrar í rýnihópnum sögðu að auðvelt væri að koma með tillögur og þegar eitthvað kæmi upp í skólanum þá væri strax tekið á því og það leyst farsællega. Umbótaáætlun 2012-2013 var sem fyrr segir lögð fram og tilgreinir hún markvissar aðgerðir til umbóta sem vinna á að á skólaárinu. Í umbótaáætlun koma fram ábyrgðaraðilar fyrir umbótum og staða verkefna, en ekki er tímasett hvenær endurmat á umbótum fer fram eða hvenær umbótum á að vera lokið.

### **Umbótastarf í kjölfar innra mats**

#### **Það sem vel er gert:**

- Umbótaáætlun liggur fyrir og þar eru tilgreindar markvissar aðgerðir til umbóta.
- Þegar skólastjóri fær vitneskju um málefni sem hægt er að bæta er strax brugðist við því.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Niðurstöður innra mats þarf að kynna fyrir hagsmunaaðilum og hafa aðgengilegar á heimasíðu. Sama gildir um umbótaáætlanir.

## Greining

### Styrkleikar

Árangur nemenda Skóla Ísaks Jónssonar á samræmdum könnunarprófum er mjög góður og betri en að meðaltali í skólum í Reykjavík. Mat á gæðum kennslustunda er að 94% kennslustunda sem heimsóttar voru teljast góðar eða frábærar sem einnig er betra en almennt gengur og gerist í Reykjavík. Ánægja foreldra með skólann er mikil og stöðug í gegnum árin bæði með áherslur í skólastarfinu og líðan nemenda. Góð samskipti eru innan starfsmannahópsins, vel er staðið að móttöku nýrra starfsmanna og mikil samvinna í skólanum þvert á starfsstéttir. Ánægja er meðal bæði foreldra og starfsmanna með upplýsingagjöf.

### Veikleikar

Takmarkað innra mat á sér stað í Skóla Ísaks Jónssonar og engin skýrsla liggur fyrir með niðurstöðum mats. Í skólaráði sitja hvorki fulltrúar nemenda né grenndarsamfélags.

### Ögranir

Samþætting leik- og grunnskóla í 5 ára deild. Skólinn er lítill og nemendum fækkar í eldri deildum.

### Tækifæri

Leggja metnað í að auka enn frekar fjölbreytni í kennsluháttum og auka val nemenda um viðfangsefni og/eða námsleiðir. Taka upp kerfisbundið innra mat og byggja umbætur á því.

## Samantekt

### Fagleg forysta

#### Það sem vel er gert:

- Stjórnun skólans er góð og skólastjóri stuðlar að góðum samskiptum meðal starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Skólinn hefur skýra stefnu og starfar í samræmi við hana.
- Mjög vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra og foreldrar hafa greiðan aðgang að skólastjóra og kennurum.
- Vel er staðið að því að kynna áherslur og sérstöðu skólans á heimasíðu og í kynningarefni sem útbúið hefur verið fyrir foreldra.
- Skipurit og starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir.
- Vönduð móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir og allir starfsmenn fá vegvísi/leiðbeiningar þar sem m.a. er farið yfir stefnu skólans, gildi, leiðarljós, skyldur starfsmanna, daglegt skipulag og hefðir.
- Allir kennarar, nema einn afleysingakennari, eru með leyfisbréf sem grunnskólakennarar.
- Samskipti eru jákvæð, starfsandi góður og gagnkvæmt traust ríkir milli aðila skólasamfélagsins.
- Upplýsingastreymi í skólanum er mjög gott og þess er gætt að allir starfsmenn séu vel upplýstir.
- Góð samskipti innan starfsmannahópsins og mikil samvinna þvert á starfsstéttir.
- Starfsmenn upplifa jákvæðni í garð skólans, eru stoltir af starfinu þar og telja hann hafa gott orðspor.

- Unnið er að nokkrum þróunarverkefnum við skólann og engar hindranir eru í vegi fyrir frekari skólaþróun, að mati kennara.
- Símenntunaráætlun tekur mið af áherslum skólans og miðar að því að efla starfsmenn í starfi.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Lagt er til að skólastjóri veiti kennurum markvissari endurgjöf um nám og kennslu.
- Æskilegt er að skólastjóri komi oftast inn í kennslustundir.
- Skólastjóri mætti vera duglegri að við að hrósa starfsfólki og veita beina endurgjöf.
- Jafnréttisáætlun liggur ekki fyrir.
- Koma þarf á fót vettvangi fyrir faglega umræðu og samstarfi við kennara utan skólans.
- Tæki í leikfimisal mættu vera betri.
- Meta þarf starf skólans með markvissum hætti.
- Vinna þarf að umbótaáætlun á grundvelli innra mats.

#### **Stefnumótun og skipulag**

##### **Það sem vel er gert:**

- Starfsáætlun er uppfærð árlega og aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans og markvisst er unnið að því að uppfæra hana til samræmis við nýja aðalnámskrá grunnskóla.
- Námsáætlanir fyrir allar námsgreinar eru aðgengilegar nemendum og foreldrum á innri vef Mentors.
- Vikulegur námstími nemenda lengri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir, þannig fá nemendur kennslu í 35 vikustundir í stað 30 stunda.
- Skólareglur eru í samræmi við reglugerð 1040/2011. Reglurnar eru sýnilegar í skólanum og farið er eftir þeim.
- Flestar lögbundnar áætlanir liggja fyrir, þ.m.t. áætlanir til að fyrirbyggja einelti og slys/veikindi, áætlanir til að bregðast við áföllum og agamálum og áætlanir um stuðning við nemendur.

##### **Tækifæri til umbóta:**

- Í starfsáætlun er ekki að finna upplýsingar um starfsáætlun skólaráðs og viðfangsefni innra mats eins og aðalnámskrá grunnskóla kveður á um.
- Til bóta væri að sameina umfjöllun um leiðarljós, gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og markmið skólans og birta í skólanámskrá.
- Við endurskoðun skólanámskrár þarf að skoða sérstaklega hvernig grunnþættir aðalnámskrár; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, birtast í henni.
- Bent er á að samkvæmt aðalnámskrá skal í skólanámskrá gera grein fyrir aðferðum sem eru notaðar við innra mat og einnig skal fjallað þar um áherslur og áætlanir um innra mat og þróunarstarf. Ennfremur skal í skólanámskrá birta upplýsingar um vitnisburðarkerfi skólans.
- Huga þarf að aðkomu foreldra og annarra hagsmunaaðila, eftir því sem við á, að gerð starfsáætlunar og skólanámskrár.
- Æskilegt er að námsvísar/námsáætlanir séu aðgengileg á heimasíðu skólans.

- Til bóta væri að gera ítarlegar grein fyrir viðbrögðum við brotum á skólareglum.
- Bent er á að vinna þarf áætlun um móttöku nýrra nemenda, móttöku nemenda með sérþarfir og áætlun um jafnrétti og mannréttindi.

### **Samskipti heimila og skóla**

#### **Það sem vel er gert:**

- Ánægja foreldra með skólann er mikil og stöðug í gegnum árin. Ánægjan er bæði með áherslur í skólastarfinu og líðan nemenda.
- Mikil ánægja er með samskipti við starfsfólk og ánægja með gæslu á skólalóð er mun meiri en í öðrum skólum. Foreldrar finnst að börnum þeirra sé sýnd umhyggja og virðing.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Fjórðungur foreldra skv. foreldrakönnun hafði tekið þátt í að gera námsáætlun með barninu en um helmingur foreldra í könnuninni lýsti yfir áhuga á því.
- Birta þarf fundargerðir skólaráðs á heimasíðu skólans og hafa fulltrúa nemenda í skólaráði.
- Finna farveg til að nýta enn frekar áhuga foreldra á aðkomu að skólastarfinu.

### **Nám og námsaðstæður**

#### **Það sem vel er gert:**

- Námsumhverfi er almennt hlýlegt, snyrtilegt og námshvetjandi og skólinn sér nemendum fyrir námsgögnum og ritföngum.
- Meðalárangur nemenda í lesskimun í 2. bekk 2012 er oftast hærri en í grunnskólum Reykjavíkur (10 prósentustiga munur að meðaltali sl. 8 ár).
- Árangur í íslensku og stærðfræði á samræmdum könnunarprófum er mjög góður og oft munar töluvert miklu á meðaltali skólans og meðaltali skóla í Reykjavík.
- Vettvangsheimsóknir sýna að 94% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast góðar eða frábærar.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Æskilegt er að birta námsvísa/námsáætlanir á heimasíðu skólans.
- Æskilegt er að huga að samræmi í heimanámi nemenda milli bekkja.
- Nemendur skólans taka ekki þátt í stærðfræðiskimuninni Talnalykli.
- Leggja þarf metnað í að auka enn frekar fjölbreytni í kennsluháttum.
- Auka þyrfti val nemenda um viðfangsefni og/eða námsleiðir.

### **Þátttaka og ábyrgð nemenda**

#### **Það sem vel er gert**

- Í skólanum ríkir góður og jákvæður andi samstarfs og virðingar og jákvæður agi.
- Nemendur í rýnihópum segja að þeim líði almennt vel í skólanum.
- Nemendur nefna fjölbreyttar leiðir í námi og eru almennt ánægð með kennara sína.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Skýra og auka virkni nemendafélags og kynna fyrir yngri nemendum.
- Leita markvissar eftir sjónarmiðum nemenda um skólastarfið.
- Nemendur taki þátt í að setja sér einstaklingsbundin markmið og meti eigin framfarir.

## Námsaðlögun

### Það sem vel er gert

- Leitast er við að koma til móts við þarfir allra nemenda með almennri kennslu, viðbótarverkefnum fyrir bráðger börn og einstaklingsmiðaðri kennslu fyrir nemendur með sérstakar þarfir.
- Reglulega eru lagðar fyrir skimanir og kannanir til að fylgjast með námsframvindu nemenda og til að greina vanda sem upp kemur

### Tækifæri til umbóta

- Skilgreina hvernig unnið er að stefnu um skóla án aðgreiningar í Ísaksskóla.
- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.

## Framkvæmd innra mats

### Það sem vel er gert:

- Reglulegt mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólstarfinu.

### Tækifæri til umbóta:

- Bent er á að samkvæmt lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla er skólum skylt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði *skólstarfs*.
- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta hana í skólanámskrá.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.
- Bent er á að að matið þarf að beinast að markmiðum skólanámskrár og meta þarf jafnframt leiðir að markmiðum.
- Veita þarf öllum hagsmunahópum tækifæri til að taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. í gegnum aðkomu skólaráðs eða fulltrúa í matsteymi.
- Bent er á mikilvægi þess að allir helstu hagsmunaaðilar skólans fái tækifæri til að láta í ljós viðhorf sín til skólstarfsins, þ.m.t. nemendur.
- Lagt er til að niðurstöður úr innra mati séu nýttar til að eiga samræður við hagsmunaaðila um þróun og umbætur.

## Umbótastarf í kjölfar innra mats

### Það sem vel er gert:

- Umbótaáætlun liggur fyrir og þar eru tilgreindar markvissar aðgerðir til umbóta.
- Þegar skólastjóri fær vitneskju um málefni sem hægt er að bæta er strax brugðist við því.

### Tækifæri til umbóta:

- Niðurstöður innra mats þarf að kynna fyrir hagsmunaaðilum og hafa aðgengilegar á heimasíðu. Sama gildir um umbótaáætlanir.

## Heimildir

*Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.*

*Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*

*Skólanámskrá Skóla Ísaks Jónssonar. 2012-2013. Reykjavík. Skóli Ísaks Jónssonar.*

*Skólaskýrsla 2011. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.*

*Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2011. Reykjavík. Námsmatsstofnun.*

*Starfsáætlun Skóla Ísaks Jónssonar. 2012-2013. Reykjavík. Skóli Ísaks Jónssonar.*

*Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.*

*Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Skóli Ísaks Jónssonar. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.*

[www.isaksskoli.is](http://www.isaksskoli.is)

## Fylgiskjöl

1. Matsblöð með viðmiðum um gæði skólastarfs
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur